

**Nd.**

## **26. Frumvarp til laga**

um breyting á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Á eftir 6. gr. námulaganna bætist:

*2. kafli.*

Um sölu og leigu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana.

**7. gr.**

Eigi má selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða né opinberra stofnana, nema til þess sé fengið samþykki atvinnumálaráðuneytisins. Eru allar ráðstafanir í þessu efni ógildar gagnvart eigendum námuréttindanna, þangað til samþykki ráðuneytisins er fengið.

Greinatala og kaflaskipti laganna breytist samkvæmt þessu.

**2. gr.**

Aftan við 7. gr. laganna bætist: enda sé til þess fengið málmgraftarbréf hjá hlutaðeigandi lögreglustjóra, staðfest af atvinnumálaráðuneytinu.

**3. gr.**

Aftan við 4. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Bréfið skal því næst sent atvinnumálaráðuneytinu, er endursendir það lögreglustjóra með áritaðri staðfestingu, ef það telur rétt að veita málmgraftarleyfi. Ráðuneytið getur bundið leyfið þeim skilyrðum, sem það telur þurfa.

**4. gr.**

Á eftir orðunum „Eigi má“ í upphafi 5. mgr. 8. gr. laganna komi: lögreglustjóri.

**5. gr.**

Aftan við síðustu málgr. 8. gr. laganna bætist: þegar ráðuneytið hefir staðfest það.

**6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.